

93

14. ágúst

Verði skóli sá, er nú starfar hér í bænum lagður niður, eða annar skóli stofnaður í hans stað eða jafnframt honum, sem styrktur verður af ríkinu, skal sjóðurinn renna til þess skóla, með sömu skilmálum og að ofan greinir. En verði Tónlistarskólinn lagður niður og komi enginn skóli í stað hans, er ríkisstyrks nýtur, skal vöxtunum af honum samkvæmt ofanrituðu varið til styrktar fátækum og efnilegum tónlistarnemendum til náms, hérlandis eða erlendis, eftir nánari ákvæðum kennslumálaráðuneytis Íslands.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, eftir því sem skuldabréfið innheimtist og úr því.

6. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa skrifstofustjórinn í kennslumálaráðuneytinu, skólastjóri Tónlistarskólans, eða þess skóla er taka kynni við sjóðnum af honum, og formaður Söfnunarsjóðs Íslands. Verði Tónlistarskólinn lagður niður, án þess að nokkur skóli taki við af honum, er geti tekið við sjóðnum samkvæmt framanrituðu, skal í stað skólastjórans koma maður í stjórnina, er hún sjálf velur, áður en hann lætur af stjórn sjóðsins. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum, hún ræður styrkveitingum úr sjóðnum, innan þeirra takmarka, er getur í skipulagsskrá þessari, en farið skal eftir tillögum stjórnar skólans svo sem unnt er eftir atvikum.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. júní 1934.

Ingibjörg Benediktsdóttir.

94

17. ágúst

SAMÞYKKT

um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá verzlunar- og iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Reykjavík..

1. gr.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 60 frá 19. júní 1933, um viðauka við lög nr. 79 14. nóvember 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, skal vinnutími sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Reykjavík, eigi vera lengri á degi hverjum en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára 8 klukkustundir.

— — — — — 14 — og eldri 9½ —

2. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en einni klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna, verkstæðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almennan fridag eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 60, 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um útflutning á saltsild.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum, útgefnum í dag, sbr. bráðabirgðalög 31. júlí 1934, og með skirskotun til auglýsingar ráðuneytisins, dags 31. f. m., og tilkynningar, dags. 3. þ. m., sem og reglugerðar 8. þ. m., um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsild, auglýsist hér með hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni, að ríkistjórnin hefir ákveðið, að fyrirmæli framangreindra laga, auglýsinga og reglugerðar um léttverkaða saltsild, taki einnig til allrar tálknatekinnar og slógdreginnar saltsildar, þó hún sé söltuð meira en nemur 22 kg. salts í 120 lítra tunnu eða tilsvareandi í minna ílát.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Lánssjóð Bændafélagsins Vonin“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 18. ágúst 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lánssjóð Bændafélagsins Vonin.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Lánssjóður Bændafélagsins Vonin“.

2. gr.

Sjóðurinn er til orðinn á þann hátt, að árlegur tekjuafgangur Bændafélagsins Vonin, sem stofnað var 4. marz 1894, hefir gengið til sjóðmyndunarinnar.